

Borgarstjórn Reykjavíkur
3. desember 2023

Tillaga borgarfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um bætta aðstöðu strætisvagnafarþega í Mjódd

Lagt er til að ráðist verði í umbætur á skiptistöðinni í Mjódd í því skyni að bæta aðstöðu strætisvagnafarþega. Um fjórar milljónir farþega fara árlega um stöðina og er því um að ræða fjölförnustu umferðarmiðstöð landsins. Að lágmarki verði ráðist í eftirfarandi umbætur. 1. Kvöldopnun: Biðstöðin verði opin farþegum á kvöldin á meðan strætisvagnar ganga. 2. Gæsla í biðsalnum verði aukin og salernisþrifum komið í lag. 3. Sætum í biðsal verði fjölgað og þau löguð, sem fyrir eru. Biðsalurinn verði gerður hlýlegri, t.d. með uppsetningu listaverka.